

Published: 2007-07-26 11:30:00 CEST

**Fljótsdalshérað - Árshlutareikningur - 6 máñ.  
2007**

Jákvæð afkoma í rekstri A-hluta Fljótsdalshéraðs janúar til júní 2007.

A-hluti Fljótsdalshéraðs var rekinn með 39 milljón króna hagnaði fyrstu 6 mánuði ársins 2007 skv. bráðabirgðauppgjöri sem lagt var fyrir bæjarráð þann 25. júlí sl. Fyrir fjármagnsliði var rekstrarniðurstaða jákvæð um 86 millj.kr.

Rekstrartekjur A-hlutans á timabilinu námu 971 milljónum króna. Rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði námu alls 885 milljónum króna.

Veltufé frá rekstri nam 115,6 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar ársins námu nettó 81,3 millj. kr. Þar af námu fjárfestingar i varanlegum rekstrarfjármunum 113,9 millj. kr., hlutafjárkaup námu 58 millj. kr. sem er í Lánaþjóði Sveitarfélaga ohf og í Þekkingarsetur á Egilsstöðum ehf.

Sala varanlegra rekstrarfjármuna er vegna sölu á húsnæði leikskólans Skógarland að fjárhæð kr. 248,6 millj. kr.

Engar lántökur voru í A- hluta.

Afborganir lána skv. fram lögðu bráðabirgðauppgjöri A- hluta námu samtals um 37 millj. kr.

Eigið fé A-hluta sveitarfélagsins í lok júní 2007 nam 1.338 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall hækkar milli ársloka 2006 og 30. júní úr 38% í 44% sem skýrist af að á árinu 2007 var Lánaþjóði Sveitarfélaga breytt í opinbert hlutafélag og var höfuðstól sjóðsins skipt á milli sveitarfélaga og nam eignahlutur Fljótsdalshéraðs 188 millj. kr. sem færður var yfir eigið fé. Því nemur breyting eigin fjár í A-hluta 188 millj. kr. auk hagnaðar fyrstu 6 mánaða 2007 kr. 39 millj. miðað við árslok 2006.

Samhliða uppgjöri A-hluta sveitarfélagsins er einnig lagt fram uppgjör nokkurra B-hluta fyrirtækja sem tilheyra samstæðu Fljótsdalshéraðs. Um er að ræða uppgjör fyrir Félagslegar íbúðir, Fráveitu, Atvinnumálasjóð, Fjárafl og Sorpstöð Héraðs.

**Attachments:**

[fljótsdalshérað - sundurliðanir 30.06.2007.pdf](#)  
[fljótsdalshérað 06.2007.pdf](#)

---

This information is sent by GlobeNewswire from NASDAQ OMX. To contact GlobeNewswire please send an email to: [cns@nasdaqomx.com](mailto:cns@nasdaqomx.com)